

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

Ábyrgð




Virðing

Vellíðan



Skólanámskrá Engidalsskóla Hluti II Skólastarf og lykilhæfni

Skólaárið 2025-2026



Skólanámskrá Engidalsskóla.

Útgefin 2023.

Endurskoður 2024.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Margrét Halldórsdóttir (skólastjóri Engidalsskóla)

Útgefandi: Engidalsskóli (Hafnarfjarðarbær)

Breiðvangi 42


220 Hafnarfjörður

netfang: engidalsskoli@engidalsskoli.is

veffang: <http://www.engidalsskoli.is>




HAFNARFJÖRÐUR



Efnisyfirlit

II. Skólastarf.....	4
II.1. Samantekt kennslu í 1. - . 7. bekk.....	5
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 1. -7. bekk.....	6
II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn	12
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.....	13
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi.....	13
II.6. Lykilhæfni.	13
Lokaorð.....	28






II. Skólastarf

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélagini megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu. Unnið er samkvæmt markmiðum [aðalnámskrár grunnskóla](#). Í skólanámskrá eru þau viðmið sem lögð eru til grundvallar á mati á námshæfni nemanda í lok árgangs.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlunar og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs






II.1. Samantekt kennslu í 1. - . 7. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku						
		1.b	2.b	3.b	4.b	5.b	6.b	7.b
Íslenska	Talað mál, hlustun og áhorf Lestur og bókmenntir Ritun Málfræði	7 1 3 2 1	7 1 3 2 1	7 1 3 2 1	7 1 2 2 2	6 1 2 1 2	5,5 1 1,5 1 2	5,5 1 1,5 1 2
Erlend tungumál	Enska Danska				2 2	3 3	4 3	4,5 2,5
List- og verkgreinar - smiðjur	A Listgreinar: Sviðslistir (samvera) Sjónlistir (myndmennt) Tónmennt B Verkgreinar: Heimilisfræði Hönnun og sníði Textílmennt Útikennsla og annað UT Áhugasvið	6 1 1 1 1 6 1 1 1 1 6 1 1 1 1 6 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1	6 1 1 1 1 6 1 1 1 1 6 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1	6 1 1 1 1 6 1 1 1 1 6 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1	7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1	7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1	7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1 7 1 1 1 1	
Náttúru-greinar	Náttúrufræði	3	2,5	3	2	3	3	2,5
Skólaíþróttir	Íþróttir Sund	3 2 1	3 2 1	3 2 1	3 2 1	3 2 1	3 2 1	3 2 1
Samfélags-greinar	Siðfræði og trúarbragðafræði Jafnrétti og lífsleikni Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	4,5 1 2 1,5	4,5 1 2 1,5	5 1 2,5 1,5	4 1 2 1	6 1,5 2,5 2	6 1,5 2,5 2	6 1,5 2,5 2
Stærðfræði	Stærðfræði	5,5	6	5	5	6	5	5
Upplýsinga- og tæknimennt	Miðlamennt og skolasafnsfræði Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni, sambætt öðrum námsgreinum.	1 0,5 0,5	1 0,5 0,5	1 0,5 0,5	1 0,5 0,5	1 0,5 0,5	1 0,5 0,5	2 1 1
Alls		30	30	30	30	35	35	35






II.2. Áherslur grunnþáttta menntunar í 1. -7. bekk

Áherslur sex grunnþáttta menntunar eru eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir. Áherslur grunnþáttta menntunar eru settar fram í markmiðum


Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði		
	1. bekk	2. bekk	3. bekk
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ <i>Það er unnið með heilbrigði og velferð í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.</i>	<ul style="list-style-type: none"> stuðla að hollu nesti. áhersla á hreyfingu úti og inni. stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum. ebla skilning á eigin tilfinningum og annarra. 	<ul style="list-style-type: none"> stuðla að hollri næringu. áhersla á hreyfingu úti og inni. stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum. ebla skilning á eigin tilfinningum og annarra. ebla sjálfsstjórn og sjálfstraust. 	<ul style="list-style-type: none"> séu meðvitaðir um mikilvægi hollarar næringar. öðlist færni í hreyfingu og leikjum, bæði úti og inni. þroska samskiptahæfni nemenda, sjálfssstjórn og sjálfstraust.
JAFNRÉTTI <i>Það er unnið með jafnrétti í árgangnum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.</i>	<ul style="list-style-type: none"> koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega. auka skilning á mismunandi aðstæðum annarra nemenda sem tengast fjölmenningu og jafnrétti kynjanna. auka skilning nemenda á fjölbreytileika nemenda innan skólans og samfélagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega auka skilning á mismunandi aðstæðum annarra nemenda sem tengast fjölmenningu og jafnrétti kynjanna auka skilning nemenda á fjölbreytileika nemenda innan skólans og samfélagsins 	<ul style="list-style-type: none"> læri að setja sig í spor annarra. geri sér grein fyrir að við erum mismunandi og með mismunandi þarfir. geri sér grein fyrir að allir hafa jafnan rétt og skyldur, óháð kyni, kynþætti eða fötlun.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI <i>Það er unnið með lýðræði og mannréttindi í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.</i>	<ul style="list-style-type: none"> hvetja nemendur til að tjá eigin skoðanir. stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að þeir þekki réttindi sín og skyldur. hvetja nemendur til að bera umhyggju og virðingu fyrir fólk, dýrum og umhverfi sínu. 	<ul style="list-style-type: none"> hvetja nemendur til að tjá eigin skoðanir og að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að þeir þekki réttindi sín og skyldur hvetja nemendur til að bera umhyggju og virðingu fyrir fólk, dýrum og umhverfi sínu 	<ul style="list-style-type: none"> efli vitund nemenda á mannréttindum. þjálfist í að bera ábyrgð á námi sínu og framkomu. fái tækifæri til að þjálfast í hópavinnu og samvinnu. beri virðingu og umhyggju fyrir fólk, dýrum og umhverfi.






Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði		
	4. bekk	5. bekk	6. bekk
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ það er unnið með heilbrigði og velferð í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> • séu meðvitaðir um mikilvægi hollrar næringar. • öðlist færni í hreyfingu og leikjum, bæði úti og inni. • þroska samskiptahæfni nemenda, sjálfsstjórn og sjálfstraust. 	<ul style="list-style-type: none"> • nemendur komi með hollt nesti. Fái daglega hreyfingu, útileikir, nemendur öðlist öryggi í skólanum og andleg líðan sé góð. Fræðsla um hreinlæti og áhrif hreyfingar og næringar á heilsu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur komi með hollt nesti. Fái daglega hreyfingu, útileikir, nemendur öðlist öryggi í skólanum og andleg líðan sé góð. Fræðsla um hreinlæti og áhrif hreyfingar og næringar á heilsu.
JAFNRÉTTI það er unnið með jafnrétti í árgangnum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> • læri að setja sig í spor annarra. • geri sér grein fyrir að við erum mismunandi og með mismunandi þarfir. • geri sér grein fyrir að allir hafa jafnan rétt og skyldur, óháð kyni, kynþætti og fötlun. 	<ul style="list-style-type: none"> • áhersla lögð á að allir nemendur hafi sömu hlutverk, sama rétt og gerðar séu sömu kröfur til þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Áhersla lögð á að bæði kynin hafi sömu hlutverk, sama rétt og gerðar séu sömu kröfur til þeirra.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI það er unnið með lýðræði og mannréttindi í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> • Að efla vitund nemenda á mannréttindum. • Að nemendur þjálfist í að bera ábyrgð á námi sínu og framkomu. • Að nemendur fái tækifæri til að þjálfast í hópavinnu og samvinnu. • Að nemendur fái tækifæri á að hafa áhrif á skólastarfið. 	<ul style="list-style-type: none"> • að allir eigi rödd í skólasamfélaginu og að allir eigi jafnan rétt óháð kyni, aldri og þjóðerni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Að allir eigi rödd í skólasamfélaginu og að allir eigi jafnan rétt óháð kyni, aldri og þjóðerni.






Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði í 7. bekk
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	<p>Það er unnið með heilbrigði og velferð í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nemendur komi með hollt nesti. Fái daglega hreyfingu, útileikir, • nemendur öðlist öryggi í skólanum og andleg líðan sé góð. • fræðsla umhreinlæti og áhrif hreyfingar og næringar á heilsu.
JAFNRÉTTI	<p>Það er unnið með jafnrétti í árgangnum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • áhersla lögð á að allir nemendur hafi sömu hlutverk, sama rétt og gerðar séu sömu kröfur til þeirra.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	<p>Það er unnið með lýðræði og mannréttindi í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • allir eigi rödd í skólasamfélaginu og að allir eigi jafnan rétt óháð kyni, aldri og þjóðerni.






Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði		
	1. bekk	2. bekk	3. bekk
LÆSI Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningalæsi og fleira 	<ul style="list-style-type: none"> efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis við lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningalæsi og fleira 	<ul style="list-style-type: none"> læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt. auka notkun nemenda á bókasafni og upplýsingamennt. Að nemendur eflist í læsi á umhverfi sitt og menningu.
SJÁLFBÆRNI Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> læra að flokka og endurnýta stuðla að umhverfisvænni hugsun og venjum efla meðvitund nemenda um áhrif sín á umhverfið 	<ul style="list-style-type: none"> að nemendur læri um umhverfi sitt læra að flokka og endurnýta hráefni stuðla að umhverfisvænni hugsun og venjum efla meðvitund nemenda um áhrif sín á umhverfið 	<ul style="list-style-type: none"> nemendur þjálfist í umhverfisvænni hugsun og nýtni. séu meðvitaðir um áhrif sín á umhverfið. læri um umhverfi sitt og kynnist sjálfbærni.
SKÖPUN Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> efla sköpun í riti og máli stuðla að fjölbreyttum námsaðferðum og samþættingu námsgreina efla nemendur í skapandi vinnu efla nemendur í að setja upp sýningar og koma fram 	<ul style="list-style-type: none"> efla sköpun í riti og máli stuðla að fjölbreyttum námsaðferðum og samþættingu námsgreina efla nemendur í skapandi vinnu efla nemendur í að setja upp sýningar og koma fram 	<ul style="list-style-type: none"> þjálfist í skapandi vinnu, bæði verklegri og bóklegri. eigi kost á að stunda nám á fjölbreyttan hátt. geti sett upp sýningar og komið fram.






Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði		
	4. bekk	5. bekk	6. bekk
LÆSI Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> læri og geti yfirfært aðferðir við lestar, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt. auka notkun nemenda á bókasafni og upplýsingamennt. Að nemendur eflist í læsi á umhverfi sitt og menningu. 	<ul style="list-style-type: none"> þjálfun lestar daglega og lesskilnings, ýmis verkefni og æfingar sem bæta og auka áhuga á læsi. 	<ul style="list-style-type: none"> þjálfun lestar daglega og lesskilnings, ýmis verkefni og æfingar sem bæta og auka áhuga á læsi.
SJÁLFBÆRNI Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> nemendur þjálfist í umhverfisvænni hugsun og nýtni. séu meðvitaðir um áhrif sín á umhverfið. læri um umhverfi sitt og kynnist sjálfbærni. 	<ul style="list-style-type: none"> kennsla í flokkun og endurnýtingu hráefnis. Fræðsla um áhrif rusls og úrgangs á umhverfið. 	<ul style="list-style-type: none"> kennsla í flokkun og endurnýtingu hráefnis. Fræðsla um áhrif rusls og úrgangs á umhverfið.
SKÖPUN Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.	<ul style="list-style-type: none"> þjálfist í skapandi vinnu, bæði verklegri og bóklegri. eigi kost á að stunda nám á fjölbreyttan hátt. geti sett upp sýningar og komið fram. 	<ul style="list-style-type: none"> föndrað og framleitt úr hinum ýmsu hráefnum bæði í einstaklings- og hópavinnu. 	<ul style="list-style-type: none"> föndrað og framleitt úr hinum ýmsu hráefnum bæði í einstaklings- og hópavinnu.





Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði í 7. bekk
LÆSI	<p>Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þjálfun lestur daglega og lesskilnings, ýmis verkefni og æfingar sem bæta og auka áhuga á læsi.
SJÁLFBÆRNI	<p>Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennsla í flokkun og endurnýtingu hráefnis. Fræðsla um áhrif rusls og úrgangs á umhverfið.
SKÖPUN	<p>Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Föndrað og framleitt úr hinum ýmsu hráefnum bæði í einstaklings- og hópavinnu





II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn

i. Kennsluaðstæður

Hver árgangur hefur eina til tvær kennslustofu til umráða. Nemendur sitja ýmist saman tveir, þrír eða í stærri hópum. Krókur er til staðar fyrir til dæmis markvissa málörvun, lestur og fleira. Kennslugögn eru til staðar og ritföng fyrir alla. Hver nemandi á auk þess sína skúffu fyrir sitt dót.

ii. Kennsluáætlanir


Kennsluáætlanir er að finna á Mentor. Skólaárið er tímabilið ágúst-júní og telst sem ein önn, símat fer fram allt skólaárið og er aðgengilegt foreldrum á Mentor.

iii. Náms- og kennslugögn

Skólinn leggur til námsbækur og námsgögn.

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"> Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar). Aðgangur að tölvum, spjöldum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum. Hjálpargögn s.s. fyrir stærðfræðikennslu, íslensku og önnur fög.
Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá þau ritföng sem þarf til starfsins í upphafi skólaárs. Hver nemandi ber ábyrgð á því sem hann fær afhent. Nemendur í 5. -7. bekk fá spjaldtölву til að vinna verkefni í skólanum og er hann lánstæki. Foreldrar þurfa að skrifa undir samning áður en tæki er afhent nemanda.





II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Póstur sendur heim vikulega um skólastarfinu ásamt upplýsingum um skólasókn nemenda. Foreldrar boðaðir til samtals um skólastarfið fjórum sinnum á skólaárinu með umsjónarkennara. Mánaðarlega senda stjórnendur fréttbréf þar sem greint er frá skólastarfinu auk ýmiskonar fróðleiks og fræðslu. Árshátið haldin einu sinni á ári þar sem foreldrum er boðið auk þess sem skólinn er ávallt opinn foreldrum. Gestir eru beðnir að gefa sig fram á skrifstofu skólans.

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. **Leiðsagnarmat.**

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri.

b. **Stöðumat.**

Stöðumat fer fram tvívar sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara (oftar ef þess þarf). Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfrá og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.


b. **Lokamat:**

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum umsögn fyrir frammistöðu sína.

II.6. Lykilhæfni.

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs. Lykilhæfni er metin þrisvar á ári fyrri foreldrasamráðsdaga.






a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

Lykilþættirnir fimm I. Bekkur	Efnispættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt: Við lok skólaárs geti nemandi;	A	B	C
TJÁNING OG MIÐLUN	<ul style="list-style-type: none"> • talað fyrir framan hóp • hlustað á aðra í hóp án þess að grípa frammí • tjáð sig um viðfangsefni sem eru í umræðunni • sagt frá hugsunum sínum og skoðunum 	Tjáð sig á öruggan hátt fyrir framan hóp um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað á aðra. Sagt frá hugsunum sínum og skoðunum af öryggi .	Tjáð sig vel fyrir framan hóp um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað á aðra. Sagt frá hugsunum sínum og skoðunum.	Tjáð sig nokkuð vel fyrir framan aðra um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað stundum á aðra. Sagt að einhverju marki frá hugsunum sínum og skoðunum og hlustað á aðra.
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<ul style="list-style-type: none"> • unnið verkefni eftir munnlegum fyrirmælum • metið eigin verk út frá fyrirfram gefnum þáttum • gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og í lagi að gera mistök • gert sér grein fyrir hvað eru staðreyndir • skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum 	Unnið mjög vel eftir munnlegum fyrirmælum og metið af öryggi eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Gert sér mjög vel grein fyrir að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum og verið óhræddur við að gera mistök. Gert sér mjög vel grein fyrir hvað eru staðreyndir og skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum.	Unnið vel eftir munnlegum fyrirmælum og metið eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Gert sér vel grein fyrir því að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum og verið óhrædd við að gera mistök. Gert sér vel grein fyrir hvað eru staðreyndir og skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum.	Unnið nokkuð vel eftir munnlegum fyrirmælum og metið eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Áttuð sig stundum að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum. Gert sér að einhverju leyti grein fyrir hvað eru staðreyndir og stundum skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum.


Frh. á næstu síðu





Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt. Við lok skólaárs geti nemandi;	A	B	C
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	<ul style="list-style-type: none"> • unnið eftir einföldum fyrirmælum í máli og myndum • gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir • unnið með öðrum í litlum hópum • tekið að sér ákveðið hlutverk með leiðsögn kennara • hlustað á leiðsögn kennara 	Unnið mjög vel eftir fyrirmælum í máli og myndum. Gert sér mjög vel grein hvað hugtakið styrkleiki merki, unnið vel með öðrum í litlum hópum og hlustað mjög vel á leiðsögn kennara.	Unnið vel eftir fyrirmælum í máli og myndum. Gert sér vel grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir að einhverju marki , stundum unnið með öðrum og hlustað nokkuð vel á leiðsögn kennara.	Unnið stundum vel eftir fyrirmælum í máli og myndum. Gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir að einhverju marki , stundum unnið með öðrum og hlustað nokkuð vel á leiðsögn kennara.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	<ul style="list-style-type: none"> • leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi • gert sér grein fyrir ólíkum miðlum til upplýsingaöflunar • þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun 	Leitað sér upplýsinga af öryggi í nánasta umhverfi. Nýtt mjög vel mismunandi upplýsingamiðla og þekkt vel nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.	Leitað sér upplýsinga í nánasta umhverfi. Nýtt vel mismunandi upplýsingamiðla og þekkt vel nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.	Leitað sér stundum upplýsinga í nánasta umhverfi. Nýtt mismunandi upplýsingamiðla og þekkt að einhverju marki nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	<ul style="list-style-type: none"> • skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu • skilið hvað námsmarkmið eru • stuðst við einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám 	Tekið mikla ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið mjög vel námsmarkmið sín. Notað einfaldar aðferðir til að skipuleggja vel eigið nám.	Tekið ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið vel námsmarkmið sín. Notað einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám.	Tekið nokkra ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið námsmarkmið sín að einhverju leyti. Notað stundum einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám.






Lykilþættirnir fimm 2. bekkur	Efnispættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt.	A	B	C
TJÁNING OG MIÐLUN	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir sínar fyrir framan hóp • hlustað á aðra í hóp og meðtekið upplýsingar • tekið virkan þátt í umræðum þegar við á • komið þekkingu sinni á framfæri eins og við á hverju sinni 	Tjáð hugsanir sínar af öryggi og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu mjög vel á framfæri fyrir framan hóp.	Tjáð vel hugsanir sínar af og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu á framfæri fyrir framan hóp.	Tjáð hugsanir sínar að ein-hverju marki og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu að vissu marki á framfæri fyrir framan hóp.
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<ul style="list-style-type: none"> • unnið eftir einföldum verk-lýsingum • metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum, t.d. með aðstoð gátlista • gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefni og í lagi að gera mistök • gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum • fundið úrlausn á raunhæfu viðfangsefni með leiðsögn 	Unnið mjög vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gert sér mjög vel grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum. Oftast fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni.	Unnið vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gerir sér vel grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum. Oft fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni.	Unnið nokkuð vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk að einhverju leyti. Stundum gert sér grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig að vissu marki á mun á staðreyndum og skoðunum. Stundum fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefnum.


Frh. á næstu síðu





Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt. Við lok skólaárs geti nemandi;	A	B	C
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	<ul style="list-style-type: none"> • unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum • þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér • unnið með öðrum í stórum og litlum hópum • borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki með leiðsögn kennara • nýtt sér leiðsögn 	Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt eigin styrkleika. Unnið mjög vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér leiðsögn.	Unnið vel eftir fyrirmælum, oft sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér leiðsögn.	Unnið nokkuð vel eftir fyrirmælum, stundum sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkuð vel styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið nokkuð vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér nokkuð vel leiðsögn.
NÝTING MÍDLA OG UPPLÝSINGA	<ul style="list-style-type: none"> • leitað sér upplýsinga úr einföldum rituðum heimildum • nýtt upplýsingar og heimildir með stuðningi • þekkt grunnreglur um netnotkun 	Af öryggi leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær og þekkt vel grunnreglur um netnotkun	Leitað sér upp-lýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær með stuðningi og þekkt grunn-reglur um net-notkun.	Að einhverju marki leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og stundum nýtt þær og þekkt nokkuð vel grunnreglur um netnotkun.
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	<ul style="list-style-type: none"> • metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu í námi • skilið hvenær námsmarkmiðum er náð • tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn 	Metið vel jákvæða þætti í eigin frammi-stöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið virkan þátt í að skipuleggja eigið nám.	Metið jákvæða þætti í eigin frammitstöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn.	Að vissu marki metið jákvæða þætti í eigin frammi-stöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn að nokkru leyti .






Lykilþættirnir fimm 3. bekkur	Efnispættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt.	A	B	C
TJÁNING OG MIÐLUN	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir og skoðanir sínar fyrir framan hóp • hlustað á aðra og áttáð sig á skoðunum og hugmyndum annarra • notað einfaldan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni og tekið tillit til mismunandi viðmælenda • komið þekkingu sinni, skoðunum og hugsunum á framfæri eins og við á hverju sinni 	Komið þekkingu sinni og hugsunum af öryggi á framfæri fyrir framan hóp, notað einfaldan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni og tekið tillit til mismunandi viðmælenda. Hlustað af athygli á skoðanir og hugmyndir annarra og tekið tillit til þeirra.	Komið þekkingu sinni og hugsunum vel á framfæri fyrir framan hóp og notað einfaldan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni. Tekið að nokkru leyti tillit til mismunandi viðmælenda, hlustað á skoðanir og hugmyndir annarra og tekið tillit til þeirra.	Komið þekkingu sinni og hugsunum nokkuð vel á framfæri fyrir framan hóp og stundum notað orðaforða sem hæfir umfjöllunarefni hverju sinni. Hlustað að einhverju marki á skoðanir og hugmyndir annarra og tekið tillit til þeirra.
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<ul style="list-style-type: none"> • unnið sjálfstætt eftir verklysingu við úrlausn verkefna • metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum, t.d. með aðstoð gátlista og gert áætlun um úrbætur • gert sér grein fyrir að oft eru fleiri en ein rétt lausn og að læra má af mistökum • gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum • endurskoðað úrlausn viðfangsefnis með leiðsögn 	Unnið mjög sjálfstætt eftir verklysingu og af öryggi metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum. Gert sér grein fyrir að fleiri en ein lausn geta komið til greina við úrlausn verkefna. Gert skýran greinarmun á staðreynd og skoðun og endurskoðað úrlausn með leiðsögn.	Unnið sjálfstætt eftir verklysingu og metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum. Gert sér grein fyrir að fleiri en ein lausn geta komið til greina við úrlausn verkefna. Gert greinarmun á staðreynd og skoðun og endurskoðað úrlausn með leiðsögn.	Stundum unnið sjálfstætt eftir verklysingu og metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum að einhverju marki . Gert sér að nokkru grein fyrir að fleiri en ein lausn geta komið til greina við úrlausn verkefna. Gert greinarmun á staðreynd og skoðun og endurskoðað úrlausn að einhverju leyti með aðstoð.


Frh. á næstu síðu





Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt. Við lok skólaárs geti nemandi;	A	B	C
